

Fráveitugjald

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna er heimilt að innheimta fráveitugjald af öllum fasteignum sem tengdar eru eða munu tengjast fráveitu sveitarfélags. Fráveitugjald leggst á nýjar eignir þegar þær teljast fokheldar, þ.e. byggingastig 4 samkvæmt fasteignamati.

Fráveitugjald samanstendur af fastagjaldi á hverja matseiningu og gjaldi sem miðast við stærð eignar (fermetragjald) skv. fasteignamati. Hámark fráveitugjalds er 0,5% af fasteignamati skv. 15. gr. laga 9/2009. Liggi ekki fyrir upplýsingar um flatarmál fasteignar í fasteignaskrá skal gjaldið taka mið af fasteignamati, þ.e. vera 0,15% af fasteignamati matshluta. Bílskúrar og sambærilegt húsnæði sem stendur við íbúðarhús (á sömu lóð) er undanþegið fastagjaldi.

Heimilt er að innheimta sérstakt aukagjald ef frárennsli er svo mengað að það leiði til sérstakra aðgerða við fráveitukerfið, svo sem ef losun fer yfir skilgreind losunarmörk. Sérstakar aðgerðir geta einkum falið í sér sértæka hreinsun eða breytingu. Við ákvörðun gjaldsins skal miða við áætlaðan kostnað við aðgerðirnar (sjá nánar í skilmálum fráveitu og viðkomandi reglugerðum).

Fráveitugjöld eru undanþegin virðisaukaskatti.

Þar sem fráveitulögn er tengd rotþró annast Norðurorka viðhald og hreinsun rotþróarinnar enda greiði aðili fráveitugjald.

- Árlegt fráveitugjald af íbúðarhúsnæði er fastagjald kr. 9.499 á matseiningu og kr. 224,43 á hvern m².
- Árlegt fráveitugjald af öðru húsnæði en á íbúðarhúsnæði er fastagjald kr. 9.499 á matseiningu og kr. 224,43 á hvern m².

Tengigjald

Tengigjald vegna nýtengingar fráveitu við einstaka fasteign er kr. 229.609. Verð miðast við skólplögn og regnvatnslögn (100-150 mm) sem lögð er að lóðamörkum.

Gert er ráð fyrir að fjölbýlishús, par- og raðhús o.s.frv. séu með óskipta lóð og einungis ein tenging er fyrir hverja lóð. Sé óskað eftir fleiri tengingum inn á lóð greiðist það skv. raunkostnaði. Sé sótt um stærri heimlögn en getið er um hér að ofan þarf að snúa sér til Norðurorku með fyrirspurn um verð. Sama á við ef aðstæður eru óvenju erfiðar þannig að ætla má að tengikostnaður sé úr takti við almennar tengingar.

Fráveitugjöld eru innheimt með fasteignagjöldum